

Jakobína Ósk Sveinsdóttir
Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
605 Eyjafjarðarsveit

Garðabær, 5. október 2023
Málsnúmer: 202309-0033
IAS

Efni: Deiliskipulag í landi Ytri-Varðgjár, skipulagslýsing

Vísað er í tölvubréf frá Eyjafjarðarsveit, sem barst í gegnum skipulagsgátt, dags. 21. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna nýs deiliskipulags fyrir íbúðasvæði í landi Ytri-Varðgjár.

Umrætt svæði, samtals 16,2 ha, er í gildandi aðalskipulagi að mestu skilgreint sem íbúðasvæði en að litlum hluta sem skógræktar- og landgræðslusvæði. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins verður unnin í samræmi við sérákvæði í aðalskipulagi fyrir íbúðarsvæði í landi Ytri-Varðgjár og nálæggra svæða, þar sem meðal annars skal tekið tillit til halla lands og grunnum lækjarfarvegum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér lýsinguna og vill koma því á framfæri á þessu stigi málsins að leggja þarf mat á hvort breytt landnotkun muni hafa áhrif á lífríki, einkum fuglalíf. Þá mætti skoða hvort friðaðar plöntutegundir finnast innan skipulagsreitsins. Þar ber sérstaklega að nefna maríulykil (*Primula stricta*) en útbreiðsla þessar sjaldgæfu plöntutegundar er fyrst og fremst í Eyjafirði.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,
jarðfræðingur

